

6.4.8. gr. byggingarreglugerðar, nr. 112/2012, síðari breytingar reglugerðar nr. 1173/2012, 350/2013, 280/2014, 360/2016, 666/2016, 722/2017, 669/2018, 1278/2018 og 977/2020
Lög um mannvirki, nr. 160/2010

Stigar og tröppur – breidd og lofthæð

Í grein 6.4.8 í byggingarreglugerð segir:

„Tröppur og stigar bygginga skulu vera það breiðir að þeir anni fyrirhugaðri umferð. Þeir skulu þannig gerðir að auðvelt sé að fara um þá með sjúkrabörur. Þetta á einnig við þegar lyfta er í byggingu.

Breidd stiga í byggingu skal mæla frá fullfrágengnum vegg að handriði. Sé handrið báðum megin, skal mæla breidd milli handriða.

Stigar bygginga skulu almennt vera jafn breiðir þeim gangi sem liggur að þeim. Stigar fyrir almenna umferð innan íbúðar skulu vera minnst 0,90 m breiðir. Stigar sem þjóna fleiri en einni íbúð skulu vera minnst 1,00 m að breidd ef í viðkomandi húsi er til staðar lyfta sem tekur sjúkrabörur, þ.e. lyfta með innanmál a.m.k. 1,10 m x 2,10 m, annars skal breidd stiga vera minnst 1,20 m. Stigar sem þjóna fleiri en einu fyrirtæki o.þ.h. skulu vera minnst 1,20 m að breidd. Breidd stiga skal þó vera þannig að kröfur um flóttaleiðir séu uppfylltar, sbr. 9. hluta.

Hindrunarlaus ganghæð í stigum bygginga skal vera minnst 2,10 m.

Breidd útitrappa að aðalinngangi bygginga skal vera a.m.k. 1,20 m með hindrunarlaus ganghæð a.m.k. 2,10 m. Stigar/ tröppur við bakinngang og á öðrum stöðum þar sem gert ráð fyrir takmörkuðum umgangi, skulu vera a.m.k. 0,90 m breiðir. Stigar/ tröppur af svölum íbúðar niður í garð mega þó vera að lágmarki 0,60 m að breidd, mælt milli handlista.


Húsnæðis- og mannvirkjastofnun skal gefa út leiðbeiningar um framkvæmd þessarar greinar.“

Leiðbeiningar


1 3. mgr. 6.4.8 gr.:

Almenna reglan er sú að stigar bygginga skulu vera jafn breiðir þeim gangi sem að þeim liggur. Sé stigi mjórri en aðliggjandi gangur skal gæta þess að stigin uppfylli kröfur um breidd flóttaleiða.


Stigar skulu vera 1,20 m að breidd í íbúðarhúsum með fleiri en einni íbúð og atvinnuhúsnæði þar sem hann þjónar fleiri en einu fyrirtæki. Heimilt er í íbúðarhúsnæði með lyftu fyrir sjúkrabörur að stigi sé 1,00 m að breidd.



Mynd 1. Stigabreidd 1,20 m.
Öll mál í mm




Mynd 2. Stigabreidd 0,90 m
innan íbúðar.
Öll mál í mm



Mynd 3. Stigabreidd 1,00 m í
íbúðarhúsnæði með
lyftu fyrir sjúkrabörur.
Öll mál í mm

2 4. mgr. 6.4.8 gr. :

Hindrunarlausa ganghæð í stigum bygginga skal vera minnst 2,10 m í hverju þrepi stigans. Þessi krafa er gerð til að auðveldara sé að ferðast um stigann til dæmis við vöru-, hús-gagna- og sjúkraflutninga. Hindrunarlaus lofthæð milli stigapalla er sú sama og í viðkomandi byggingu.



Mynd 3. Hindrunarlaus lofthæð í stigum, öll mál í mm.

Yfirlit yfir breytingar sem gerðar hafa verið á leiðbeiningunni:

Útgáfa	Lýsing á breytingu:	Dags.
1.0	Á ekki við	22.6.2012
2.0	Tilvísanir færðar inn	31.5.2013
3.0	3. breyting byggingarreglugerðar - lofthæð breytt	15.7.2015
4.0	4. breyting byggingarreglugerðar – stigabreiddum breytt	30.5.2016
4.1	Letur stækkað	18.6.2018
4.2	Tilvísanir fjarlægðar	30.9.2019
4.3	MVS breytt í HMS	5.2.2020
4.4	Yfirlit yfir breytingar	22.12.2020